



Tourette-samtökin á Íslandi

Hátúni 10b, 105 Reykjavík - tourette@tourette.is - 8402210

Fréttabréf

júní 2008

AÐALFUNDARBOÐ !!!

Aðalfundur Tourette-samtakanna verður fimmtudagskvöldið 26. júní 2008

Aðalfundur Tourette-samtakanna á Íslandi verður haldinn
fimmtudagskvöldið 26. júní 2008 kl. 20:00 að Hátúni 10b,
í kaffiteríunni á jarðhæðinni.

Athugið að þetta er í austustu blokkinni af ÖBÍ blokkunum þrem,
hægt er að ganga inn um aðaðalinngang við bílaplan milli blokkanna
og líka inn í blokkina austanverða.

Dagskrá fundarins:

- * Venjuleg aðalfundarstörf
- * Félagsgjald ákveðið
- * Kosning stjórnar til næstu tveggja ára
- * Kosning skoðunarmanns og annars til vara
- * Önnur mál
- * Aðalfundi slitið

Gestur okkar að aðalfundarstörfum loknum verður Una Margrét Jónsdóttir.
Hún mun rabba við okkur um árátta-þráhyggjuröskun og hvernig er að lifa
við hana eins og hún gerði á opnu húsi hjá okkur í fyrra.

Kaffi í boði félagsins, sem og DVD diskur með verðlaunuðu efni:
"I HAVE TOURETTE'S BUT TOURETTE'S DOESN'T HAVE ME".

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin

Og svo eru það hefðbundnu skilaboðin:



Sjónarhöll, ráðgjafamiðstöð – Hvetjum fólk til að nýta sér þjónustu Sjónarhóls. Þar er að finna fagfólk, uppsafnaða reynslu og heilmikla hjálp að fá í sambandi við ýmis mál og margir okkar félagsmanna hafa nýtt sér þetta og fengið góðar úrlausnir.

Slóðin er www.sjonarholl.net

ÖBÍ – Fylgist líka með vef Öryrkjabandalags Íslands, við erum undir hatti þeirra og þar er ýmislegt frétt næmt fyrir okkur, slóðin er www.obi.is

Umhyggja – Fylgist líka með vef Umhyggju, www.umhyggja.is, við erum undir þeim hatti líka og því vert að fylgjast með því sem þar er á döfinni.

ADHD samtökin – Fylgist líka með vef ADHD samtakanna, þar er ýmis gagnlegur fróðleikur og margt frétt næmt fyrir okkur, slóðin þeirra er www.adhd.is. Margir okkar félagsmanna eru einnig félagar í ADHD og þar hefur stóraukist starfsemi varðandi fullorðna með ADHD undanfarin ár.

Fyrir nýja félagsmenn – Endilega hafið samband með því að hringja eða senda tölvupóst. Ef ekki er svarað strax í símann, þá talið inn á talhólfid þar sem þetta er gsm sími og við hringjum síðan til baka um leið og færi gefst. Við skjótum á fundi með fólki með litlum fyrirvara ef þarf, til dæmis vegna erfiðleika í skóla, erfiðra aðstæðna þar o.fl.þ.h. Ef þið lendið í að fá ekki tölvupóst innan mánaðar eftir að þið skráið ykkur, þá hafið samband aftur. Tveir aðilar eru í því að skrá netföngin og fyrir getur komið að misfarist að setja netfang á tölvupóstlistann.

Minum að venju á félagsgjöldin – Allmikill fjöldi hefur þegar greitt, en betur má ef duga skall! Takið eftir að gjöldin hafa lækkað frá síðasta ári og eru nú aðeins kr. 1.700.-

Minum einnig á að tilkynna breytingar á netföngum og heimilisföngum – Verulegur misbrestur er á að fólk tilkynni slíkar breytingar og alltaf er nokkuð um að við fáum fréttabréf og tölvupósta til baka frá póstinum. Einnig er allmikið um yfirfull póstsæði hjá tölvupóstþjónustum og sum ykkar missa af póstum þess vegna. Endilega sendið okkur tölvupóst á tourette@tourette.is um breytingar.